

Inger Helgadóttir

LANDBÚNAÐARMÁL

Í þeirri umræðu um þjóðmál sem fram fer í landinu um þessar mundir og fram hafa farið undanfarin ár, hefur mér fundist brydda á þeirri skoðun að landbúnaður sé deyjandi atvinnugrein, að hann gegni óverulegu hlutverki í þjóðarbúskapnum, afli okkur ekki tekna og sé baggi á þjóðfélaginu.

Mér er ekki alveg ljóst hver sé orsök þvílikra hugmynda sem eru orðnar býsna algengar, kannske er um að kenna að landbúnaðurinn hefur ekki sinnt nægilega vel þeirri hlið mála sem snýr að auglýsinga, upplýsinga og áróðursstarfsemi. Manni finnst þessi málflutningur óábyrgur. Ekki er þó hægt að horfa fram hjá honum, félagasamtökbænda, afurðastöðvar, leiðbeiningaþjónustan og opinberir aðilar verða að leggjast á eitt til að efla og auka upplýsingastarf um eðli og umfang landbúnaðarins. Reyndar er nú svo komið að öll landsbyggðin á mjög í vökk að verjast. Samanber tillögur Sverris um skólaakstur og gæslu í heimavistum og tillögu Þorsteins um sölu á Rás 2. Nú eru í landinu ca 4200 bændur eftir öllum merkjum þyrftu þeir ekki að vera nema ca. 1500-2000, ef eingöngu á að miða við innanlandsneyslu. Einnig er landbúnaður að mörgu leyti vel tæknivæddur og þróaður atvinnuvegur. Framleiðniaukning hefur orðið gífurleg og sú öra þróun sem orðið hefur í landbúnaði er ein af undirstöðum þeirrar velmegunar sem við búum við. Um 7% vinnuafls þjóðarinnar er bundið við landbúnað, sem þýðir um 9000 manns, en við úrvinnslu og þjónustu við greinina eru síðan ca 4000 ársverk.

En hver er svo staðan í dag, alveg hræðileg í markaðslegu tilliti. Samdráttur á sér stað bæði í neyslu mjólkurafurða og kindakjöts, neysla léttmjólkur og annarra fitusnauðra vara hefur reyndar aukist, en bara sú fita sem tekin er úr þessum vorum samsvarar 1,5 millj. lítra af mjólk, reynt hefur verið að hafa stjórn á framleiðslumagni

hvers bóna og misjafnlega tekist til, að sjálfsögðu er mest tekið af þeim sem minnst hafa og er algjör hneisa að hróflað skuli við bændum sem hafa minna en 300 ærgildi, enda er þeim í flestum tilfellum úthlutað aftur því magni sem af þeim er tekið. Eins er alveg dæmalaust að miða við framleiðslu síðustu ára, því þá er komin upp sú staða að engin porir að draga saman tímabundið af ótta við að tapa rétti sínum. Flýta þarf ákvörðun um rétt hvers og eins býlis til lengri tíma svo menn geti ákvarðað hvað henti þeim best að gera. Sú fundaherferð sem farin hefur verið nú undanfarnar vikur, til að kynna bændum hvaða aftökuleið sé best tel ég vera allt of skipulagslausa. Bændur eru hvattir til að selja eða leigja fullvirðisrétt sinn án tillits til búsetu - meina ég þá að heilu sveitirnar fara kanskje í eyði eða jarðir sem hafa ræktun og húsakost í lagi, en svo eru jarðir sem eru illræktanlegar og öll hús léleg eða ónýt þar er kannski reynt að framleiða mjólk og kjöt, sjálfsagt er erfitt að útrýma bændum skipulega, léttara er að þeir flosni upp einn og einn, en það getur verið verra ef til lengri tíma er litið.

Predikað hefur verið mikið fyrir svokölluðum aukabúgreinum p.e.a.s. loðdýr - fiskeldi og ferðaþjónustu. Vonandi tekst vel til með ferðaþjónustuna og henni verði stjórnað af festu og skynsemi, en ekki sé öllum gefið leyfi til að hafa ferðaþjónustu, en það er ólíklegt að þeim sem vinna inn við Hagatorg takist ekki að klúðra þessu sem og örðu sem þeir taka að sér og hefur æði oft í seinni tíð læðst að manni sú hugsun að rétt væri hjá þeim að fá sér aðra vinnu. Loðdýrarækt geta allir fengið að stunda, hvort sem þeir hafa stundað einhvern landbúnað eður ei og án alls tillits til landfræðilegarar búsetu, t.d. fjarlægð frá fóðureldishúsi og þess háttar, öllum stendur til boða allt að 950.000 kr. styrkur, hvort sem þeir ætla að hætta hefðbundnum búskap eða ekki, og hvort sem þeir hafi nokkurntíman sýnt fram á að þeir hafi getað rekið bú eða ekki (á ég þar við svona venjulega búskussa) (þurfa ekki að leggja framm neinar rekstrarskýrslur). Er ég með þessu aðeins að sýna fram á stefnuleysið sem ríkir í þessum málum, fiskeldi verður ekki rekið sem venjulegur

búskapur eru það allavega enn sem komið er milljóna fyrirtæki. Taka má fram að mjög líklegt er að þeir sem selja fullvirðisrétt af jörðum sínum sitji uppi með verðlitlar eða verðlausar jarðir. Efla þarf stórlægatvinnutækifærin í sveitum, og gera bændum kleift að stunda vinnu sem kannski er í nágrenninu með sveigjanlegum vinnutíma. Þeir sem út í loðdýrabúskap fara þurfa að eiga kost á og í raun skylda þá til almennilegrar kennslu ekki nokkurra klukkustunda námskeiði, það verður mikið hagstæðara og ódýrara þegar til lengri tíma er litið.

Hlunnindi eru sér kafli í landbúnaði, legið geta jarðir saman, önnur hefur hlunnindi uppá tvær millj. sem ábúendur fá sendar í pósti, jafnvel með mjólkurbílnum, hinn ekki krónu. Gefur þá auga leið að sá sem ávísunina fær hefur alla möguleika til að betri uppbygginga á sinni jörð og vélakaup eru mjög góð uppá skattafrádrátt, en hinn sem ekkert fær verður að sjálfsögðu að láta búið bera sig vel og kosta sjálft alla uppbyggingu. Verður manni oft spurn verða þessar jarðir einar í byggð eftir nokkur ár, litla undirtektir fær það að hlunnindajarðir fái minni fullvirðisrétt og er þá verið að ráðast inn á persónulega hagi fólks, en ekki er verið að því þegar bændur með 5-8 börn fá bréf upp á, að því miður megi þeir ekki framleiða meir en sem svarar til viðurværis 2-4 barna! Á þessu máli þarf að taka, og má ekki skipta arði t.d. stangveiði áa jafnt á milli allra býla sem land eiga að ánni, eins er það kappsmál hreppsfélaganna að hlunninda tekjur fari ekki út úr sveitarféluginu. Það er réttmætiskrafa fólks sem stundar landbúnað að tekið sé á málum þess með skynsemi en ekki handahófskenndum reglum sem í raun duga í dag og eru orðnar úreltar á morgun. Þegar talað er um að ekki megi greiða útflutningsbætur á kjöt og mjólkurvörur er það eðlilegur málflutningur. Er nokkuð raunhæfara að greiða með óarðbærum raforkuverum.